



Fjarðabyggð

DEILISKIPULAG
akstursíþróttasvæðis
og skotíþróttasvæðis
vestan Bjarga.

GREINARGERÐ 16.06.2016

FYRRI ÚTGÁFA 05.03.2015

Deiliskipulag þetta var auglýst samkv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

frá _____ til _____ 2016

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann _____ 2016

bæjarstjórinn í Fjarðabyggð

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2016

EFNISYFIRLIT

1	KYNNING OG SAMRÁÐ	2
1.1	Breytingar á auglýsingatíma	2
2	INNGANGUR	3
2.1	Viðfangsefni	3
2.2	Áform um uppbyggingu	3
3	FORSENDUR	4
3.1	Umhverfi og staðhættir	4
3.2	Aðalskipulag	6
3.3	Hljóðvist, mengun og öryggi	6
4	SKIPULAGSÁKVÆÐI	7
4.1	Samgöngur	7
4.2	Þynningarsvæði	7
4.3	Almennir skilmálar	7
5	UMHVERFISSKÝRSLA	10

1 Kynning og samráð

Skipulags- og matslýsing var auglýst til kynningar frá 18.04.2014 til 02.05.2014 og leitað umsagna um hana hjá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Náttúrustofu Austurlands, Skógræktarfélagi Reyðarfjarðar, Landsneti, Skotípróttafélaginu Dreka og Vélhjólaiþróttafélagi Fjarðabyggðar. Lýsingin var samtímis auglýst í dagblöðum og á vef Fjarðabyggðar. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Ábendingar og athugasemdir bárust frá Skógræktarfélagi Íslands og Skógræktarfélagi Reyðarfjarðar. Skógræktarfélögin mótmæltu áætlunum um staðsetningu skotsvæðis þar sem á svæðinu hefur verið útplöntun trjáa á vegum skógræktarfélagsins.

Deiliskipulagstillaga á vinnslustigi var auglýst til kynningar með frest til athugasemda 13.2.2015. Hún var kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum með því að hafa hana til sýnis á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar og í þjónustugátt á bókasöfnum sveitarfélagsins á Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Eskifirði og Norðfirði. Að auki var hún auglýst með áberandi hætti á vef Fjarðabyggðar, í Dagskránni og Austurglugganum. Ábendingar og athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST), Landsneti, Skógræktarfélagi Fjarðarbyggðar, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni. Í deiliskipulaginu hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda er bárust.

Deiliskipulagið var auglýst með fresti til athugasemda 19.05.2015. Ein athugasemd barst við deiliskipulagið, frá Skógræktarfélagi Reyðarfjarðar. Gert er grein fyrir hvernig brugðist var við athugasemdinni í kafla 1.1. hér að neðan. Ákveðið var að auglýsa tillöguna að nýju í júní 2016 eftir samtal við skógræktarfélagið þar sem sveitarfélagið ákvað að leggja fram mótvægisáðgerðir sem fela í sér stígagerð norðan og vestan við Reyðarfjörð, en tillögunni var ekki breytt frekar. Að loknum athugasemdarfresti verður deiliskipulagið tekið fyrir á ný í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og síðan í bæjarstjórn. Umsógn um athugasemdir verður send þeim sem þær gerðu og niðurstaða bæjarstjórnar auglýst. Samþykkt deiliskipulag er sent Skipulagsstofnun innan 8 vikna frá lokum athugasemdafrests.

1.1 Breytingar á auglýsingatíma

Ein athugasemd var gerð við auglýst deiliskipulag. Skógræktarfélag Reyðarfjarðar gerði athugasemd við staðsetningu skotæfingasvæðis í næsta nágrenni skógræktarsvæðis og fyrirhugaðs útivistarsvæðis. Brugðist var við athugasemd með því að breyta lóðarmörkum á austanverðu skotípróttasvæðinu. Lóðarmörk sem og skipulagsmörk skotípróttasvæðis miðast nú við afmörkun öryggissvæðis. Með þessu móti er mögulegt að lágmarka svæði skógræktarinnar sem lendir innan afmörkunar skotæfingasvæðis. Eigna- skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að plöntur sem eru inn á öryggissvæði skotípróttasvæðis (um 900 m²) verði fluttar í samráði við Skógræktarfélag Reyðarfjarðar.

2 Inngangur

2.1 Viðfangsefni

Hér er sett fram deiliskipulag akstursípróttasvæðis og deiliskipulag skotípróttasvæðis vestan Bjarga. Aksturs-ípróttasvæðið er staðsett vestan við Björgin við Reyðarfjörð en skotípróttasvæðið liggur ofar í landinu, vestan við Ljósá. Samhliða deiliskipulagi var unnin breyting á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007–2027 sem auglýst var samhliða.

Með deiliskipulagi akstursípróttasvæðis og deiliskipulagi skotípróttasvæðis er stefna og ákvæði aðalskipulags útfærð nánar. Skotípróttasvæði hefur verið ofan við Kolbotna við Eskifjörð en til stendur að flytja það og koma því fyrir við Ljósá. Á akstursípróttasvæðinu hafa nú þegar verið markaðar brautir fyrir vélhjól en heildarskipulag fyrir svæðið hefur skort. Framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæðunum sem felast einkum í því að afmarka á brautir og reisa byggingar.

Meginmarkmið deiliskipulagsins er að skapa góðar og öruggar aðstæður til að iðka akstursípróttir og skotípróttir og styðja við stefnu Fjarðabyggðar um að í Fjarðabyggð séu úrvalstækifæri til tómstunda, íþróttaiðkunar, hreyfingar og útivistar.

Eftirfarandi markmið eru höfð að leiðarljósi við gerð deiliskipulagsins:

- Bæta aðstöðu fyrir skotípróttir og akstursípróttir.
- Setja ramma um uppbyggingu á svæðunum og aðkomu að þeim.
- Takmarka umhverfisáhrif vegna framkvæmda og reksturs svæðanna.
- Bjóða upp á skotæfingar þar sem fyllsta öryggis er gætt.
- Frágangur svæðis tryggi aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.

2.2 Áform um uppbyggingu

2.2.1 Skotípróttasvæði

Á skotípróttasvæðinu er gert ráð fyrir aðstöðuhúsi/vallarhúsi, ríffilbrautum með skothúsum, haglabyssusvæði með tveimur skeetvöllum, sportingvelli og trapvelli með tilheyrandi mannvirkjum. Gert er ráð fyrir hljóðmönnum og gróðri til að skýla svæðinu. Engar byggingar eru fyrir á svæðinu, en vegslóði liggur að því.

2.2.2 Akstursípróttasvæði

Á akstursípróttasvæðinu er gert ráð fyrir aðstöðuhúsi/vallarhúsi, verkstæði/geymslu, afmörkun brautarsvæða fyrir vélhjól, bíla og go-kart auk aðkomu og bílastæða. Búið er að raska hluta af svæðinu en þar hafa verið afmarkaðar vélhjólbrautir. Fyrir sunnan svæðið er vegur sem hefur verið notaður sem aðkomuvegur að svæðinu. Við þróun svæðisins hefur komið í ljós að stækka þarf svæðið bæði til norðurs og suðurs. Gerðar hafa verið vélhjólbrautir sem ná norður fyrir skipulagt svæði í aðalskipulagi, þar sem aðstæður þóttu ákjósanlegar. Lagt er til að svæðið stækki einnig til suðurs, að vegi sem er notaður sem aðkomuvegur að svæðinu. Þar var gefið leyfi fyrir malarplani og aðstöðuleyfi fyrir hús, tengt framkvæmdum Fjarðaáls sem nú er lokið. Nú stendur til að fjarlægja húsið en malarplanið verði áfram nýtt og notað sem hluti af aðkomu að svæðinu. Á svæðinu verða einungis í notkun farartæki sem uppfylla kröfur Umferðarstofu um hámark hljóðgjafar sem er 105 dB-A

3 Forsendur

3.1 Umhverfi og staðhættir

Skotípróttasvæðið (merkt O23 í aðalskipulagi) er staðsett vestan við Ljósá milli þéttbýlisins í Reyðarfirði og álversins. Svæðið er 13,1 ha og er staðsett í um 140 m hæð yfir sjávarmáli, uppi í hlíðinni rétt norðan við Fljótsdalslínur 3 og 4 sem liggja til álversins og raflínu sem liggur milli Stuðla og Eskifjarðar. Byggingarbann er á helgunarsvæði línanna og afmarkast helgunarsvæði þeirra við um 33 m fjarlægð frá miðju línustæðisins sem er nær.¹ Áformað skotípróttasvæði er í yfir 35 m fjarlægð frá línustæðinu sem er næst skotípróttasvæðinu og skotlína er frá línustæðinu. Hluti skotípróttasvæðisins er innan þynningarsvæðis álversins. Vegslóði liggur upp að svæðinu frá Norðfjarðarvegi (nr.92). Svæðið er að hluta mólendi, vaxið kjarri og mosa og að litlum hluta skógræktarsvæði. Fjarlægð frá skotípróttasvæðinu að þéttbýlinu í Reyðarfirði er um 1,7 km (hverfið Bakkagerði 1).

Akstursípróttasvæðið (merkt O13 í aðalskipulagi) er staðsett vestan Bjarga milli Reyðarfjarðar og álversins. Stærð svæðisins er 12,9 ha. Gróður á svæðinu er mest mólendi, mosi og kjarr en búið er að raska hluta svæðisins með akstursbrautum fyrir vélhjóll og að hluta fyrir malarplan. Svæðið er í um 40-60 m hæð yfir sjávarmáli, sunnan við Fljótsdalslínur 3 og 4. Aðkoma að svæðinu er frá Norðfjarðarvegi (nr. 92). Fjarlægð frá akstursípróttasvæðinu að þéttbýlinu í Reyðarfirði er um 1,6 km.

Á milli skotípróttasvæðisins og akstursípróttasvæðisins er hæðarhryggur þannig að það sést ekki á milli svæðanna. Gróðurfar er mest mólendi, mosi og kjarr auk trjáa sem hafa verið gróðursett á milli skotípróttasvæðis og akstursípróttasvæðis. Skógræktarfélag Fjarðabyggðar hefur til umráða um 30 ha svæði í landi Teigagerðis til gróðursetningar í samræmi við samning sem undirritaður var 15. maí 1996 og gildir til 50 ára. Svæðið afmarkast af Ljósá og Hellulæk. Nokkrir vegslóðar eru á svæðinu.


Gerð var einföld sjónlínugreining til að sjá hvaðan svæðin sæjust og er niðurstaða þeirrar greiningar birt á mynd 3.1 og 3.2 á blaðsíðu 5.

Fornleifaskráning fór fram á svæðinu um mitt sumar 2014. Við vettvangsskráningu fannst ein varða, en ekki er talið að hún sé í hættu vegna framkvæmda við skotípróttasvæði og akstursípróttasvæði. Í heimildum er einnig getið um beitarhús sem fór undir skriðu en engin ummerki fundust um þau og talið líklegt að þau hafi horfið með öllu undir skriðu.² Í fornleifakönnun vegna línustæðis Fljótsdalslínur 3 og 4 sem liggja um svæðið komu engar minjar í ljós frá svæðinu austan Seljateigsgerðis, þar sem línur liggja ofan byggðar og þar til línur er tekin niður að Sómastaðagerði³. Á svæðinu eru engin friðlýst svæði, svæði á náttúruverndaráætlun eða á náttúruminjaskrá.


¹ Umfjöllun um helgunarsvæði línanna er t.d. í deiliskipulaginu; Fljótsdalslínur 3 og 4. Austur-Héraði. Sjá

² Bryndís Zoëga. 2014. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Reyðarfirði – skotípróttasvæði og vélhjólaípróttasvæði. Byggðasafn Skagfirðinga.

³ Fornleifastofnun Íslands, 1999. Fornleifakönnun á fyrirhuguðu línustæði frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar.



3.1 Lilblár litur afmarkar svæðið þaðan sem akstursípróttasvæðið sést.



3.2 Lilblár litur afmarkar svæðið þaðan sem skotípróttasvæðið sést.

3.2 Aðalskipulag

Svæðið sem deiliskipulagið tekur til er afmarkað sem opið svæði til sérstakra nota í Reyðarfirði í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027. Annars vegar er um að ræða skotípróttasvæði vestan Ljósár, merkt 023 á aðalskipulagsupprætti og hinsvegar akstursípróttasvæði, merkt 013 á aðalskipulagsupprætti. Samhliða deiliskipulaginu er unnið að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar þar sem akstursípróttasvæðið er stækkað og nýtt skotípróttasvæði er afmarkað, en það var áður ofan við Kolabotna í Eskifirði.

Um skotípróttasvæðið (O23) er sagt í aðalskipulagsbreytingu sem er auglýst samhliða þessu deiliskipulagi, að þar sé gert ráð fyrir aðstöðu fyrir skotípróttir og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem slík nýting kallar á. Í nánara skipulagi og/eða leyfisveitingum fyrir svæðið sé unnt að setja skilyrði um takmarkanir á starfsemi á svæðinu vegna ónæðis. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og lögð áhersla á að umhverfisfrágangur verði vandaður. Grípa þarf til aðgerða til að koma í veg fyrir líkur á blýmengun í jarðvegi og að dregið sé úr hljóðmengun með skothúsum og hljóðmönnum.

Um akstursípróttasvæðið (O13) er sagt í aðalskipulagi að þar sé gert ráð fyrir aðstöðu fyrir akstursípróttir og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem slík nýting kallar á. Í nánara skipulagi og/eða leyfisveitingum fyrir svæðið sé unnt að setja skilyrði um takmarkanir á starfsemi á svæðinu vegna ónæðis. Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd svæðisins og lögð áhersla á að umhverfisfrágangur verði vandaður.

3.3 Hljóðvist, mengun og öryggi

Ónæði getur verið frá skotíprótt- og akstursípróttasvæðum. Hávaði frá rifflum og haglabýssum getur verið frá 150-155 dB og allt upp í 175 dB frá öflugustu rifflum, mælt á staðnum þar sem skotið er. Almenna reglan er að hljóð minnkar um 5 dB fyrir hverja 100m á flötu landi en skothús og hljóðmanir geta dregið verulega úr útbreiðslu hávaðans. Næsta íbúðarsvæði er í um 1,7 km fjarlægð og ótruflað hljóð þar, miðað við 160 dB á upptakastað yrði 70-80 dB á íbúðarsvæðinu. Landslagið er hins vegar þannig að íbúðarsvæðið er ekki í sjónlínu við skotsvæðið og í um hálfis kílómetra fjarlægð frá skotsvæðinu er hæðarhryggur sem myndar um 25 m háa náttúrulega hljóðmön.

Blýmengun getur verið vandamál á skotsvæðum og efni sem eru notuð í leirdúfur geta mengað jarðveg. Þá þarf að gæta að frárennsli frá malbikuðum akstursbrautum til að mengandi efni berist ekki í grunnvatn.

4 Skipulagsákvæði

4.1 Samgöngur

Aðkoma inn á deiliskipulagssvæðin er um afleggjara sem liggur um fyrrum starfsmannaþorp Alcoa. Afleggjari liggur þaðan upp hlíðina að skotípróttasvæðinu og litlu austur að akstursípróttasvæðinu. Einnig er hægt að komast á gamla þjóðveginn af Norðfjarðarvegi rétt við höfnina á Mjóeyri.

Frá þéttbýlinu á Reyðarfirði liggur gönguleið að skotípróttasvæðinu og er hún að hluta á gömlum línuvegum. Gönguleið er á milli skotípróttasvæðisins og akstursípróttasvæðisins, að hluta á slóðum sem fyrir eru.

4.2 Þynningarsvæði

Hluti svæðisins er innan þynningarsvæðis Álversins í Reyðarfirði og eru mörk svæðisins sýnd á uppdrætti. Um það gildir: Innan þynningarsvæðis er föst búseta óheimil. Jafnframt skal ekki stunda búskap, heynytjar eða beit innan þynningarsvæðis.

4.3 Almennir skilmálar

4.3.1 Skilmálar fyrir landnotkun

Akstursípróttir

- Í deiliskipulagi er afmarkaðir reitir þar sem akstursípróttir eru stundaðar. Gert er ráð fyrir þremur reitum, þar af tveimur fyrir vélhjólbrautir. Á þriðja reitnum er gert ráð fyrir brautum fyrir bíla og/eða go-kart sem heimilt er að malbika.
- Vegna eðlis ípróttanna er ekki gerð grein fyrir nákvæmri legu og útfærslu brauta innan reits þar sem þær munu breytast reglulega. Brautir skulu ávallt útfærðar innan reits.

Skotípróttir

- Skotstefna riffilbrauta er til norðausturs til að skjóta ekki á móti sól. Skotstefna haglabyssusvæðis frá norðvestri til norðausturs. Haglabyssusvæði skal afmarkað með jarðvegsmönnum, 2-4 m háum. Einnig má nýta náttúrulegan hæðamismun í stað jarðvegsmána þar sem því verður við komið. Eingöngu skal nota leirdúfur úr efni sem brotnar niður á 4-5 árum. Ef notuð eru blýskot skal þeim skotið yfir safnþrær svo tryggt sé að hægt sé að fjarlægja þau og farga á viðeigandi hátt, svo ekki hljótist af þeim mengun í jarðvegi.
- Haglabyssusvæði, þar sem skotið er á leirdúfur. Gert er ráð fyrir öryggissvæði í skotlínu 270 m (öryggissvæði 2), og hættusvæði 50-60 m (öryggissvæði 1). Skotið er frá skotpöllum sem skulu staðsettir á byggingarreit næst bílastæðum.
- Riffilbraut. Skotæfingar á tveimur 300 m riffilbrautum úr þar til gerðum skýlum sem staðsett verða syðst við riffilbrautir. Gert er ráð fyrir öryggissvæði, 75 metra út frá miðlínu brautarsvæðis.

4.3.2 Öryggissvæði

Öryggissvæði haglabyssusvæða miðast við 270 metra radíus frá skotstað. Öryggissvæði riffilbrauta miðast við að í öllum tilfellum sé skotið úr þar til gerðum skýlum sem stýra stefnu skots. Miðað er við 75 metra út frá miðlínu brautarsvæðis. Vegna eðlis starfseminnar og umfangs öryggissvæða þarf

umferð um og við svæðið að vera takmörkuð. Í starfsleyfi verða sett ákvæði um að komið verði í veg fyrir óviðkomandi umferð um svæðin, opnunartíma svæða, öryggiskröfur varðandi meðferð skotvopna og umhverfisþætti, þ.m.t. hljóðmengun.

4.3.3 Mæli- og hæðarblöð

Mæliblöð sýna lóðamörk, stærðir lóða, byggingareiti, innkeyrslur inn á lóðir og kvaðir ef einhverjar eru.

4.3.4 Byggingar

- Byggingarreitir er afmarkaðir en gert ráð fyrir sveigjanleika í uppbyggingu svæðisins. Um þá gildir eftirfarandi:
 - **S1 Aðstaða Skotípróttafélagsins Dreka:** Innan byggingarreits er heimilt að koma fyrir einu eða fleiri aðstöðuhúsum. Byggingar eiga að vera á einni hæð, allt að 120m² að stærð og hæða húsa ekki hærri en 5 m.
 - **S2 Haglabyssusvæði:** Á haglabyssusvæði er heimilt að koma upp aðstöðu fyrir *trap* og *skeet* völl (leirdúfuskotfimi) innan byggingarreits. Staðsetning *trapskýla*, *háhúsa* og *lágúsa* er frjálst innan byggingarreits en miðað skal við að skotstefna sé frá norðvestri til norðausturs. Skotið er frá skotpöllum/skotskýlum sem skulu staðsett við syðri mörk byggingarreits, næst bílastæðum. Mannvirki á haglabyssusvæði skal laga að landslagi, t.d. með því að staðsetja þau inni í jarðvegsmön, eða með því að mála í jarðlitum sem falla vel að landslaginu í kring. Skotskýli að hámarki 50 m².
 - **S3 og S4 Skotskýli við ríffilbrautir:** Heimilt er að reisa allt að 50 m² skotskýli. Hámarkshæð mænis er 4 m. Skothús og skotskýli skal laga að landslagi, t.d. með því að staðsetja inni í jarðvegsmön, eða mála í litum sem falla vel að landslaginu í kring.
 - **A1 Aðstaða Vélhjólaiþróttaklúbbs í Fjarðabyggð:** Innan byggingarreits er heimilt að koma fyrir einu eða fleiri aðstöðuhúsum. Byggingar eiga að vera á einni hæð, allt að 120m² að stærð og hæða húsa ekki hærri en 5 m.

Byggingareitir eru sýndir á mæliblöðum og skulu byggingar standa innan þeirra. Nýjar byggingar, viðbyggingar og aðrar framkvæmdir innan lóða skipulagssvæðisins skulu vera í samræmi við skipulagsskilmála þessa, gildandi byggingarreglugerð, hæðar- og mæliblöð og aðrar reglugerðir og staðla sem lúta að byggingarmálum almennt. Að öðru leyti er húsagerð frjálst.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og við lóðamörk sem og og önnur mannvirki sem máli skipta fyrir fyrirkomulag og útlit lóðanna.

4.3.5 Þakform

Þakform er frjálst en skal falla vel að landslagi. Samræmi vera í mænisstefnu bygginga innan byggingarreita.

4.3.6 Veitur og sorp

4.3.6.1 Neysluvatn og rafmagn

- Stofnlögn vatnsveitu og 11 kV raflína liggja um gamla þjóðveginn í gegnum akstursípróttasvæðið.
- Rafstrengur verður lagður frá spennistöð við gamla þjóðveginn að skotípróttasvæðinu.

4.3.6.2 Fráveita

- Á akstursípróttasvæði er allt vatn frá malbikuðum brautum, bílastæðum og þvottaplani leitt í malarfylltar drenásir til síunar og vatnið leitt í olúgildrur áður en það rennur aftur út í grunnvatnið. Ekki er gert ráð fyrir að spilliefni, eldsneyti eða hættuleg efni verði að jafnaði geymd á svæðinu nema í litlum mæli. Settar verða reglur um umgengni slíkra efna í starfsleyfi.
- Ákvæði um mengunarvarnir á verktíma verða sett í framkvæmdaleyfi ásamt ákvæðum um lekavarnir til að hindra að olía og spilliefni berist í jarðveg ef óhöpp verða.
- Fráveita verður leidd í rotprær eins og reglugerðir kveða á um.

4.3.6.3 Sorp

- Almennt sorp verður flutt í sorpgám.
- Annað sorp sem til fellur (s.s. skothylki) verður komið í viðurkennda sorpförgun.

4.3.7 Bílastæði

Akstursípróttasvæði

- Gert er ráð fyrir allt að 30 stæðum við aðstöðuhús.
- Á bílastæði er gert ráð fyrir þvottaplani.

Skotípróttasvæði

- Gert er ráð fyrir allt að 30 stæðum við aðstöðuhús.

Alls er gert ráð fyrir allt að 60 bílastæðum á svæðinu.

4.3.8 Jarðvegsmanir og gróður

Gert er ráð fyrir 2-4 m háum jarðvegsmönnum við velli á skotípróttasvæði til að draga úr hávaðamengun og aðskilja mismunandi starfsemi á völlum. Efni innan svæðisins verður nýtt í manirnar og þær græddar upp og í þær plantað trjám og gróðri til fegrunar.

Gert er ráð fyrir gróðursetningu trjáa og runna, bæði til að búa til skjól og til fegrunar. Svæði sem er raskað vegna framkvæmda utan skotæfingabrauta og akstursípróttabrauta eiga að vera grædd upp með náttúrulegum gróðri ef kostur er á því, eða grasi, runnum og trjám.

Á akstursípróttasvæði skulu akstursbrautir afmarkaðar með jarðvegsmönnum sem skulu græddar upp, til að fegra ásýnd svæðisins og stuðla að betri hljóðvist. Gert er ráð fyrir að efni í jarðvegsmanir komi frá brautunum sjálfum. Jarðvegsmanir skulu markvisst nýttar til að draga úr sjónrænum áhrifum og hljóðmengun frá svæðinu. Lega þeirra skal miða að því að skýla svæðinu frá aðliggjandi vegum og göngustígum. Mögulegt verði að nýta jarðvegsmanir sem áhorfendasvæði.

5 Umhverfisskýrsla

Framangreint deiliskipulag er háð umhverfismati í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Áætlunin er matsskyld þar sem hún felur í sér akstursípróttabrautir sem eru tilkynningarskyldar vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, viðauka 2, tölulið 11b.

Í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér sett fram umhverfisskýrsla sem gerir grein fyrir mati á áhrifum deiliskipulagsins. Skýrslan er byggð upp eftir liðum a-j í 6 gr. laganna þar sem fram kemur hvað skuli koma fram í umhverfisskýrslu.

Tengsl við aðra áætlanagerð (a-liður)

Deiliskipulag þetta er unnið samhliða og í samræmi við aðalskipulagsbreytingu sem auglýst var samhliða auglýsingu deiliskipulagsins.

Umhverfisvandamál sem varða áætlunina (d-liður) og *umhverfiþættir sem varða breytinguna* (b- og c- liður)

Þeir umhverfiþættir sem einkum eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af deiliskipulagsáætluninni eða framkvæmdum byggðum á henni eru eftirfarandi:

- **Vatnafar**, vegna hugsanlegrar mengunar á grunn- og/eða yfirborðsvatni vegna starfsemi á svæðinu, s.s. vegna meðferðar olíu og mengandi efna á akstursípróttasvæðinu.
- **Heilsa og öryggi**. Mengun vegna hávaða frá skotípróttasvæði og akstursípróttabrautum og möguleg rykmengun frá akstursípróttabrautum. Öryggi vegna skotæfinga og hættu sem getur stafað af þeim
- **Náttúru- og menningarminjar**, vegna yfirborðsrasks og landslagsmótunar sem og starfsemi á svæðinu.
- **Náttúrufar, landslag og sjónrænir þættir**, vegna landslagsmótunar og frágangs á svæðinu.

Við matið er notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa:

Vægi áhrifa	Skýring
Jákvæð	++ Jákvæð áhrif á viðmið umhverfispáttar
Nokkuð jákvæð	+ Nokkuð jákvæð áhrif á umhverfispáttinn
Hlutlaus	0 Hlutlaus áhrif á umhverfispáttinn
Nokkuð neikvæð	÷ Nokkuð neikvæð áhrif á umhverfispáttinn
Neikvæð	÷÷ Neikvæð áhrif á umhverfispáttinn
Óvissa	? Áhrif eru óviss og ráðast m.a. af nánari útfærslu skipulags

Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Litið er til viðmiða úr stefnu stjórnvalda⁴, laga og reglugerða við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins. Meðal annars er litið til eftirfarandi:

⁴ Sjá lista yfir áætlanir í heimildaskrá.

- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013.
- Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Menningarstefna í mannvirkjagerð.
- Náttúruminjaskrá.
- Náttúruverndaráætlun.
- Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.
- Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.
- Lög um hollustuvernd og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Skipulagslög, nr. 123/2010.
- Lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006.

Umhverfisverndarmarkmið (e-liður)

Á skipulagssvæðinu eru engin vernduð svæði og né þekktar minjar. Allt aksturíþróttasvæðið og um helmingur skotíþróttasvæðisins eru innan þynningarsvæðis álversins við Mjóeyri. Á hluta svæðisins hefur verið stunduð skógrækt og stutt er í háspennulínur sem hafa afgerandi sjónræn áhrif á umhverfi sitt.

Mat á líklegum umhverfisáhrifum (f- og h- liður)

Í mati á umhverfisáhrifum skipulagsins er deiliskipulagið borið saman við núllkost sem felur í sér að engin starfsemi verði á svæðinu.

Deiliskipulagið felur í sér skipulag skotíþróttasvæðis þar sem gert er ráð fyrir aðstöðuhúsi/vallarhúsi, ríffilvelli með byggingarreit fyrir skothús, tveimur skeetvöllum, sportingvelli og trapvelli með tilheyrandi mannvirkjum og akstursíþróttasvæði þar sem gert er ráð fyrir aðstöðuhúsi/vallarhúsi, verkstæði/geymslu, afmörkun brautarsvæða fyrir vélhjól, bíla og go-kart auk aðkomu og bílastæða.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum til að draga úr áhrifum á umhverfið:

- Ef notuð eru blýskot skal þeim skotið yfir safnþrær svo tryggt sé að hægt sé að fjarlægja þau og farga á viðeigandi hátt, svo ekki hljótist af þeim mengun í jarðvegi.
- Öllum notuðum skothylkjum skal fargað á viðeigandi hátt.
- Efni í leirdúfur skulu vera óskaðleg umhverfinu og brotna niður í jarðvegi á 4-5 árum.
- Á akstursíþróttasvæðinu verða einungis í notkun farartæki sem uppfylla kröfur Umferðarstofu um hámark hljóðgjafar sem er 105 db.
- Allt vatn frá malbikuðum brautum verður leitt í olíugilddrur áður en það rennur út í grunnvatnið. Ekki er gert ráð fyrir að spilliefni, eldsneyti eða hættuleg efni verði að jafnaði geymd á svæðinu nema í litlum mæli. Settar verða reglur um umgengni slíkra efna í starfsleyfi.
- Fráveita verður leidd í rotþrær.
- Ákvæði um mengunarvarnir á verktíma verða sett í framkvæmdaleyfi og ásamt ákvæðum um lekavarnir til að hindra að olía og spilliefni berist í jarðveg ef óhöpp verða.
- Jarðvegsmanir eru markvisst notaðar til að draga úr hávaða við skotæfingar og akstursíþróttir.
- Skothús/skýli eru notuð fyrir leirdúfuskotfimi og við ríffilvelli.
- Skilgreind eru öryggissvæði við skotíþróttasvæði.

Rekstur skotíþróttasvæða og akstursíþróttasvæða er starfsleyfisskyldur. Í starfsleyfi verða ákvæði um hvernig komið verður í veg fyrir óviðkomandi umferð um svæðin, opnunartíma svæða, öryggiskröfum varðandi meðferð skotvopna og umhverfisþætti, þ.m.t. hljóðmengun.

Skotíþróttasvæði

Á skotíþróttasvæðinu er gert ráð fyrir ríffilvelli og velli fyrir haglabyssur. Almennt má gera ráð fyrir að hávaði vegna skotæfinga sé greinanlegur í 1 km radius út frá skotíþróttasvæðum og má skilgreina það sem áhrifasvæði skotæfingasvæðisins.⁵ Hávaði getur borist lengra en þar hefur áhrif hversu hávær skotvopnin eru, landslag og hljóðmanir. Þar sem skotæfingar eru á flatlendi og landslag og aðrar aðstæður draga ekkert úr hávaða getur hljóðið borist allt að 1,5 km. Æskilegt er að engin svæði sem eru viðkvæm fyrir hávaða séu í sjónlínu frá skotíþróttasvæðinu en aðstæður haga því þannig hér að svæðið er fremur aflukt. Þá geta skothús dregið úr hljóðmengun en klettur, dalir og vötn magnað upp hljóðið. Miðað við aðstæður ætti hljóðmengun ekki að berast til næstu byggðar, sem er yst í þéttbýlinu á Reyðarfirði. Þó er möguleiki að á einstaka dögum, þar sem stillur eru miklar, geti aðstæður í lokuðum firðinum magnað upp hljóðið. Starfsemi á skotíþróttasvæði er háð starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og lögreglustjóri veitir leyfir til starfsemi skotíþróttasvæða skv. vopnalögum nr. 16/1998 eftir umsögn sveitarstjórnar, Vinnueftirlits ríkisins og Mannvirkjastofnunar.

Til að tryggja öryggi fólks er skilgreint 275 m öryggissvæði við haglabyssusvæði á skotíþróttasvæðinu í þá átt sem skotið er⁶ og 75 m breitt öryggissvæði við ríffilvelli út frá miðlínu brautar. Á líklegu öryggissvæði eru engir staðir þar sem fólk dvelur til lengri tíma en svæði í nágrenni skotíþróttasvæðisins geta verið nýtt til almennrar útivistar. Þekkt dæmi eru um að blýmengun hafi orðið í jarðvegi á starfsvæði skotfélaga.⁷

Akstursíþróttasvæði

Á svæðinu hefur í nokkur ár verið akstursíþróttabraut fyrir vélhjól en hluti svæðisins er enn óraskaður. Svæðið er mólendi, vaxið mosa og kjarri. Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu og engar heimildir um búsetu. Það er stutt frá þjóðveginum en sést ekki þaðan. Gæta þarf að því að akstursíþróttasvæðið hafi gott yfirbragð til að minnka áhrif þess á umhverfið og nálæg svæði sem hægt er að nýta til útivistar. Gerðir hafa verið hljóðútreikningar fyrir vélhjólbrautina og var niðurstaða þeirra að hávaði frá brautinni yrði innan marka reglugerðar allan sólarhringinn. Hávaði við næstu íbúðarbyggð er því líklegur til að vera óverulegur.⁸ Hætta getur verið á því að olíur, spilli-, úrgangs- eða hættuleg efni berist í grunnvatn ef ekki er varlega farið. Ekki er æskilegt að eldsneyti, hættuleg efni eða spilliefni séu geymd á svæðinu að jafnaði. Starfsemi á akstursæfingasvæðum er starfsleyfisskyld en heilbrigðiseftirlit veitir starfsleyfi fyrir kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir skv. 2. viðauka í reglugerð nr. 785/1999 m.s.br. Við veitingu starfsleyfis er m.a. unnið eftir reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999 og reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

⁵ Sama.

⁶ Miðað er við almennar leiðbeiningar um hljóðvist, öryggissvæði og aðstæður við skotvelli úr eftirfarandi leiðbeiningum: Chartered Institute of Environmental Health, 2003. Guidance on the control of noise. Clay target shooting.

⁷ Fundargerð framkvæmdastjórnar vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins. 50. Fundur þann 6. apríl 2006.

⁸ Mannvit, 2012. Minnisblað. Hávaði frá mótorkrossbraut í Reyðarfirði.

Umhverfisáhrif: Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða eru líkur á því að áhrif skotípróttasvæðis og akstursípróttabrautar verði hlutlaus á vatnafar, náttúru- og menningarminjar, heilsu og öryggi. Áhrif á náttúrufar, landslag og sjónræna þætti eru nokkuð neikvæð vegna þess að raska þarf landi en landslag dregur úr sjónrænum áhrifum.

	Vatnafar	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningarminjar	Náttúrufar, landslag og sjónrænir þættir
Skotípróttasvæði	0	0	0	÷
Akstursípróttasvæði	0	0	0	÷